

# Ljósmyndarýni

## á Ljósmyndahátíð Íslands

14 - 17. janúar 2016

**Staður: Sjóminjasafnið í Reykjavík - Borgarsögusafn**  
**Föstudagur 15. janúar kl. 9:00 - 16:00**  
**Laugardagur 16. janúar kl. 9:00 - 12:00**

Boðið verður upp á ljósmyndarýni (Portfolio Review) á Ljósmyndahátíð Íslands dagana 15. og 16. janúar 2016. Að þessu sinni er rýnin haldin á Sjóminjasafninu í Reykjavík, Grandagarði 8.

**Ljósmyndarýni er 20 mínútna fundur** þar sem ljósmyndari mætir með myndir sínar, ýmist á pappír eða rafrænt og sýnir viðkomandi rýnanda. Auk íslenskra sérfræðinga á sviði ljósmyndunar munu virtir erlendir rýnendur, sem ýmist eru sýningastjórar á söfnum og galleríum eða ritstjórar ljósmyndatímarita, veita íslenskum ljósmyndurum umsögn um verk þeirra. Sjá lista yfir rýnendur [hér](#).

Úthlutað verður í þriðja sinn úr **Minningarsjóði Magnúsar Ólafssonar ljósmyndara (1862-1937)** og nemur styrkurinn 400.000 krónum. Minningarsjóðurinn er eini sjóður sinnar tegundar hér á landi og er tilgangur hans að styrkja ljósmyndun á Íslandi sem listgrein. Dómnefndin, sem samanstendur af hópi erlendra og innlendra rýnenda, mun velja úr hópi þátttakenda þann ljósmyndara sem þeim líst best á. Sá er fær flest atkvæði hlýtur verðlaunin. Verðlaunafhendingin fer fram að lokinni ljósmyndarýni, laugardaginn 16. janúar kl. 12:30.

Allir sem greitt hafa greitt 17.500 kr. í þáttökugjald í ljósmyndarýni eru sjálfkrafa umsækjendur í Minningarsjóð Magnúsar Ólafssonar. Senda skal umsóknir á netfangið: [johanna.gudrun.arnadottir@reykjavik.is](mailto:johanna.gudrun.arnadottir@reykjavik.is), þar sem koma þarf fram nafn, heimilisfang og kennitala viðkomandi.

[Hér](#) má sjá dagskrá Ljósmyndahátíðar Íslands.

[Hér](#) má lesa um Ljósmyndahátíð Íslands.